

## Eigendastefna og arðgreiðslur

### Orkufyrirtæki í opinberri eigu:

Sem stendur er helst stemming fyrir því að orkufyrirtæki séu í opinberri eigu. Þau eru það að langmestu leyti nú, og ef fullyrðingin er rétt er líklegt að svo verði, a.m.k. um sinn. Meðan svo er hafa stjórnvöld (umboðsmenn eigenda) ýmsar leiðir til að veita arðinum af nýtingu orkuauðlinda inn í íslenskt samfélag. Hagnaðurinn af nýtingu viðkomandi auðlindar er hagnaður af því að selja afurðina. Menn eiga að spyrja sig spurninga á borð við:

Hvað er hagstæðast fyrir íslenskt samfélag? að draga hagnað af orkusölu inn í formi skatta (þ.m.t. auðlindagjald), að veita honum inn í samfélagið; heimili og athafnalíf? Hver er besta blandan?

Almennt ætti að spyrja. Hver er besta leiðin til að dreifa þeim arði sem samfélagið vill hafa af auðlindum sínum? Væri ekki eðlilegt að hafa samræmda auðlindarentu, óháð auðlind. Þyki hún of lág miðað við framlegð einstakra auðlinda mun skattkerfi væntanlega geta leiðrétt misræmið.

### Móðurfélag og dótturfyrirtæki:

Í 7. kafla er víða rætt um áhættu og hvernig megi varast hana.

Ég tel að umræður um eigendaáhættu mættu taka meira mið af reynslunni en fræðilegri útlistun á áhættu af því að ábyrgjast lán til orkufyrirtækjanna.

Hvaða ástæða er til að ætla að áhættutaka geti orðið veruleg á næstu árum og áratugum? Skiptir reynslan engu máli. Af hverju ekki að nýta traust á eigandanum til að tryggja sér lægri vexti en annars fengjust? Er eitthvað óeðlilegt við það á meðan fyrirtækin eru í opinberri eigu. Fyrirtækin greiða fyrir þessa áhættudreifingu og vel væri þess virði að reikna út hve mikinn ávinning samfélagið hefur haft til þessa af því að nýta traust á eigandanum, þ.e. hag af lægri vöxtum að viðbættum tekjum hins opinbera af áhættutryggingum. Getur ekki verið að reynslan sýni að í raun hafi aldrei verið tekin óeðlileg áhætta. Í framhaldi af því mætti spyrja þeirrar spurningar hvort einhver ástæða sé til að óttast áhættu í framtíðinni. Í þessu sambandi mætti einnig hafa í huga að á næstunni má vænta þess að uppbygging í orkuvinnslu verði í minni einingum en til þessa. Það er ekkert verkefni á borð við Kárahnjúkavirkjun á döfinni.

Talað er um að setja nýjar virkjanir eða verkefni sem tengjast stærri notendum í dótturfélög. Ef það á að fyrra eigandann áhættu, umfram það sem dótturfélaginu er lagt til í hlutafé eða tannfé eða hvað menn kjósa að kalla það, þýðir það væntanlega að fyrirtækið hafnar í faðmi lánardrottna ef illa fer.

Ef svo á ekki að fara, heldur að tryggja að orkufyrirtæki verði áfram í opinberri eigu, lendir tapið alltaf á eigendum sama hvað veldur, og er þá ekki betra að eigandinn eigi dótturfélagið og beiti svipuðum aðferðum og hafa reynst vel til þessa, til að forðast óþarfa áhættu. Ef stefnan er að eiga orkufyrirtækin er augljóslega best að gleyma dótturfélagaleiðinni. Í raun og veru er hugmyndin einnig á skjön við sjálfbæra þróun. Sjálfbær þróun gerir ráð fyrir að jafna kjör kynslóðanna. Hluta af arði sem fæst af því

að fá að nýta fyrst ódýrustu framleiðslukostina verður að nýta til að greiða niður dýrari framleiðslukosti í framtíðinni, þannig er byrðum best jafnað á milli kynslóðanna.

Að mínu viti vantar alla greiningu á ofangreindum þáttum til þess að hægt sé að taka afstöðu til þess hvaða leiðir eigi að fara við mótun þessara þátta í eigendastefnu.

## **Framtíðarstefna**

Það er dálítið furðulegt að setja fram orkustefnu fyrir Ísland án samhengis við orkumál heimsins.

Nú eru unnin eitthvað á bilinu 10-15 þúsund milljónir tn. af jarðefnaeldsneyti á ári. Meginhluti þess fer til orkuvinnslu en talsvert einnig til iðnaðar (t.d. plastefni og textíl). Í báðum tilfellum er sóst eftir orkuríkum kolvetnissamböndum. Í samhengi við langtímastefnumótun er og verður skortur á þessu hráefni, jafnvel þótt takist að draga úr eftirspurn af nauðsyn vegna gróðurhúsáhrifa.

Þessi þróun snertir okkur á margvíslegan hátt og ég nefni tvennt:

Aukin eftirspurn og hærra verð á endurnýjanlegri orku og aukin þörf á ræktunarlandi, bæði fyrir matvælaframleiðslu og sjálfbæra vinnslu á hráefni til iðnaðar og hugsanlega einnig til vinnslu á fljótandi eldsneyti, a.m.k. til að byrja með.

Framtíðarstefna þarf að innihalda mjög vandaða og vel rökstudda áætlun um náttúruvernd, og vandaða greiningu á því landi sem nýtilegt verður til ræktunar og orkuvinnslu.

Það er stórfurðulegt að í framtíðarsýn sem þessari eigi að líta á nýtingu orkuauðlinda sem afgangsstærð. Það er gert í rammaáætlun sem orkustefnunefnd gerir að sinni án nokkurrar umfjöllunar um heildarhagsmuni til framtíðar. Í mati því sem verkefnastjórn rammaáætlunar hefur fengið til úrlausnar er gefið undir fótinn með sérviskulegar kvaðir á notkun svæða til orkuvinnslu. Þar tónar allt eða ekkert á fullu.

Þetta er furðulegt, ekki síst í ljósi þess mikla ábata sem orkustefnunefnd telur að þjóðin geti haft af auðlindinni, sbr. kafla 7.2.